



Efni: Umsögn um 479. mál - Vegagerðin

Megi Umsögn um 479. mál, „Tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029“

Almennt

Vegagerðin fagnar aðgerðum til að bæta stýringu á flæði ferðamanna á viðkvæma staði í náttúru Íslands – náttúru og upplifun ferðamanna til hagsbótar og að öryggi þeirra sem ferðast um landið sé tryggt sem best. Vegagerðin telur aftur á móti að upphaf að stýringu og öryggi þeirra sem ferðast um landið hefjist á vegunum og vegmerkingum, áður en komið er á staðina sjálfa, og gerir athugasemd við að vegir séu ekki hluti af þessu heildræna skipulagi né rætt um nauðsynlega samlegð með samgönguáætlun og öðrum landsáætlunum.

1. Markmið um stýringu og sjálfbæra þróun

1.2.1

Vegagerðin bendir á að vinna við skilgreiningu ferðamannastaða útfrá heimsóknarfjölda og öðrum þáttum er í gangi í samstarfi Vegagerðarinnar, Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu þar sem tilgangurinn er m.a. stýring með vegvísun inn á skilgreinda ferðamannastaði. Vegagerðin bendir á augljósa samlegð með þeirri vinnu og þessari þingsályktun og hvetur til þess að skilgreiningarnar séu samræmdar og unnar samhliða.

1.4.1

Vegagerðin bendir á að eitt besta tækið til stýringa er vel skilgreindur rammi utan um vegmerkingar, þ.e.a.s. hvaða ferðamannastaðir fá vegvísun. Haldast þarf í hendur innviðauppbygging ferðamannastaða í takt við fyrirbyggjandi stefnumótandi landsáætlun, tilbærar vegvísanir til að benda á þá staði og að þeir innviðir sem bera þungann af ferðum fólks séu færir um að takast á við þá umferð sem um þá fer.

1.4.4.

Vegagerðin telur að taka þurfi tillit til rafrænna leiðsögukerfa sem mikilvægs hluta þessarar miðlunar og bendir á þá greiningarvinnu sem unnin hefur verið hjá Vegagerðinni á aðgerðum sem þarf að vinna til að hægt sé að uppfæra leiðsögukerfin með nýjustu upplýsingum. Sérstaklega er bent á mikilvægi þess að opinber ábyrgð sé á uppfærslu stafrænna korta og stafræns vegakerfis, til að tryggja stöðugar uppfærslur og réttmæti gagna.

2. Markmið um vernd náttúru og menningarsögulegra minja

2.3.3

Vegagerðin telur vegi, til og frá ferðamannastöðum, vera efnislega innviði sem taka þarf tillit til þegar lagt er mat á hvort ástand innviða sé í stakk búið til að taka á móti þeim gestum sem þangað koma.

3. Markmið um öryggismál

3.2.4

Vegagerðin bendir á að þjónustustig gagnvart árstíðabundnum áskorunum þarf líka að ná til þjónustu á þeim vegum sem að staðnum liggja.

4. Markmið um skipulag og hönnun

Vegagerðin bendir hér aftur á þá vinnu sem samráðshópur Vegagerðarinnar, Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu hefur nú þegar unnið hvað varðar skilgreiningu á ferðamannastöðum og vegvísun á vegum.

4.5

Vegagerðin telur að hönnun á vegum til og frá ferðamannstöðum sé órjúfanlegur hluti af öllu skipulagi undir þessum lið og tekur vel í samráð. Vegagerðin bendir einnig á að allar merkingar við þjóðvegi falla undir stofnunina og telur því nauðsynlegt að þar sé haft samráð til samræmingar.

5. Markmið um ferðamannaleiðir

Vegagerðin bendir á að einnig þurfi að skilgreina hugtakið ferðamannaleið og ferðamannaveg fyrir vélknúna umferð um þjóðvegi.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri